

## Biskupstungnaafréttur – Eignarhald, nýting, uppgræðsla

Porfinnur Þórarinsson

*Spóastöðum, Biskupstungum*

### EIGNARHALD

Í þessu erindi er afréttur Biskupstungnamanna í Árnassýslu til umfjöllunar, einfaldlega af því að þar þekki ég best til. Eignarhald á honum er óvenju margbrotið eins og það er í dag, hvað sem síðar verður. Eignarhaldi má skipta í 5 hluta:

- Hólaland. Með Tungufljóti og Ásbrandsá, frá mörkum við Kjóstaði og Brú að Sandá. Bújörð í einkaeign til 1958, er Biskupstungnahreppur kaupir hana og leggur undir afrétt.
- Tunguheiði. Milli Hvítár og markalínu við Hóla, frá mörkum við Brattholt að Sandá. Eign Bræðratungukirkju, staðfest með dómi héraðsdóms Árnassýslu 1980.
- Framafréttur. Milli Hvítár og Langjökuls, frá Sandá að Hvítárvatni. Afréttur Biskupstungnamanna, án þess að heimildir séu um eignarhald, en í Jarðabókinni frá 1709 er greint frá því að Bræðratungu- og Haukadalskirkja eigi þar „skóg“.
- Fyrir innan Hvítá. Milli Jökulfalls og Langjökuls, frá Hvítá og Hvítárvatni að vatnaskilum á Kili. Frá Hvítá að vatnaskilum á Kili var eign fjögurra kirkna í Biskupstungum samkvæmt Vilkinsmáldaga frá 1397, Gíslmáldaga frá 1575 og Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1709. Biskupstungnahreppur kaupir samkvæmt afsali dagsett 25. apríl 1851.
- Úthlíðarland og fleiri Hlíðarjarðir eru í einkaeigu og eru víðáttumikil beitolönd fyrir hluta sveitarinnar.

Krafa Þjóðlendunefndar er að öll fyrirtöld svæði verði að þjóðlendu að undanskildum heimalöndum Hlíðabæja, sem er um 1/3 hluti jarðanna.

Úrskurður óbyggðanefndar þann 21. mars 2002 var á þann veg að afréttur innan Hvítár og Framafréttur yrðu þjóðlenda, en eignarhald að öðru leyti sama og áður.

Þessari niðurstöðu hafa báðir aðilar áfrýjað til Héraðsdóms Árnassýslu, Bláskógabyggð fyrir hönd Biskupstungna, vegna þinglýsts kaupsamnings um afréttinn fyrir innan Hvítá, og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkisins. Næstu skrefin eru þau að málinu verði vísað til Hæstaréttar, þar sem ólíklegt má teljast að báðir kröfuhafar sættist á úrskurð héraðsdóms.

Álit sumra er að málinu verði skotið aftur til héraðsdóms í kjölfar nýrra upplýsinga er snúa að eignarhaldi. Að lokum til Hæstaréttar í annað sinn, sem verður endanlegur dómur, nema því verði vísað til mannréttindadómstólsins.

### NÝTING

#### *Afréttur innan við Hvítá*

Ekki eru til miklar heimildir um nýtingu afréttar innan við Hvítá fyrr á öldum. Í Jarðabók frá 1709 segir „hefur ei verið brúkaður í manna minni“. Það er ekki fyrr en eftir 1880 sem farið er að reka fé inn fyrir Hvítá. Þá fyrst fráfarulömb og geldfé og það stóð nær óbreytt til um 1930. Upp frá því fjölgaði fénu og fráfarur voru aflagðar. Deilur urðu milli Biskupstungnamanna og Húnvetninga um afréttinn, en samkomulag náðist um það árið 1853. Hvítá var

mikill farartálmi og var oft slarksamt að koma fé og hestum þar yfir. Torveldaði það not á afréttinum, eða þar til gamla brúin á Soginu var flutt á Hvítá árið 1935.


Nautgripir og hross voru oft rekin inn fyrir Hvítá fyrr á öldum og hross allt til ársins 1980, en voru þó síðustu árin höfð í sér girðingu í votlendinu í Hvítárnesi, til að koma í veg fyrir að þau kæmst í uppgræðslulandið við Sandá.

### *Framafréttur og Tunguheiði*

Þessir hlutar afréttarins hafa ætíð verið notaðir fyrir sauðfjárbætur, enda fyrr á öldum vel gróið land sem lá að heimalöndum efstu bæja. Fyrir rúmum 100 árum var mikill uppblástur á þessu svæði og var oft moldarmökkur yfir sveitinni þegar blés að norðan í þurrkatíð.

Úthlíðartorfan (jarðirnar Úthlíð, Stekkholt og Hrauntún) er feiknastór, allt að 15.000 ha, og nær inn að Hagavatni við Langjökul. Land þess er nýtt sem beitiland fyrir Hlíðarbæi, sem eru bæir á vesturmörkum Biskupstungna, enda hafa þeir ekki rétt til að reka á afréttinn, þar sem þetta er sér varnarhólf vegna riðuveiki.

Fjárkjöldi í Biskupstungum var mestur eftir 1930 og síðan aftur eftir 1970, mest 14.000 vetrarfóðraðar kindur (1. mynd). Að jafnaði fór 1/3 fjárins inn á afrétt, eða um 5000 fjár með lömbum þegar mest var. Haustið 2002 voru 4000 vetrarfóðraðar kindur í sveitinni, þar af fóru um 1300 á afrétt.



### UPPGRÆÐSLA – VERNDUN

Þegar fjárkjöldinn var mestur á afréttinum um og upp úr 1970 sáu menn að landið þoldi ekki þessa beit, sérstaklega þegar sprettuleysisár komu. Stöðug landeyðing var á sumum svæðum. Eftir Heklugosið 1970 var afrétturinn illa farinn af öskufalli, upp úr þessu var farið í þrjár aðgerðir til að bæta ástandið:

- Styttu beitartíma sauðfjár.
- Girða hrossin af í sér girðingu, sem var í Hvítárnesi. Áður gengu þau laus um allan afréttinn.
- Árið 1972 var komið á samstarfi milli Landgræðslu ríkisins, hreppsfélagsins og sauðfjorbænda um að græða upp örfoka land norðan við Sandá á Framafrétti. Þetta samstarf hefur haldist óslitið síðan. Fyrstu árin var áburðinum dreift með flugvél, en nú í seinni tíð hafa bændur úr Tungunum borið á með dráttarvélum. Fyrstu árin var dreift 100 tonnum af áburði, síðan minnkað niður í 80 tonn. Nú síðustu árin hafa þetta verið 24 tonn, þar sem nú er verið að græða upp á fleiri stöðum. Nú er þarna 300–500 ha nær algrónir, þar sem áður voru gróðurlausir melar.

Árið 1967 samdi hreppsnefndin við Landgræðsluna um uppgræðslu við Hvítárvatn, sem Landgræðslan afhenti Lionsklúbbnum Baldri og Lionsklúbbnum Frey til uppgræðslu. Þar var girt af um 570 ha, sem nú er búið að ná miklum framförum.

Landgræðslufélag Biskupstungna var stofnað 1994 og hefur frá upphafi starfað í nánú samstarfi við Landgræðslu ríkisins. Verkefni hafa verið á ýmsum stöðum á afréttinum, en stærsta verkefnið er friðun og uppgræðsla á Tunguheiði, sem er um 2400 ha að stærð. Þá

hefur einnig náðst góður árangur með að græða upp næsta nágrenni gangnamannahúsa í þeim tilgangi að gera umhverfi þeirra vistlegra.

Undanfarin þrjú ár hefur Landgræðslufélagið notað rúllutætara sem tætir og blæs rúlluheyi upp í rofabörð. Árangur af þessari aðferð hefur verið mjög góður. Nóg hefur fallið til af rúllum hjá bændum sem þeir hafa ekki getað nýtt og er því landhreinsun um leið.

Mesta breytingin við stofnun Landgræðslufélagsins er sú að nú ráða heimamenn meira ferðinni en áður og vinna verkin, það skapar síðan áhuga, auk þess sem það gerir menn fúsari til að vinna verkin í sjálfböðavinnu og finna leiðir til að fjármagn nýtist vel.

Veiði í Hvítárvatni hefur verið stunduð um langan aldur að einhverju marki. Árið 1970 var stofnað veiðifélag um veiðina á afréttinum og hefur það síðan leigt út veiðina. Félagið á veiðihús við Hvítárvatn.

## FERÐAÞJÓNUSTA

Ferðafélag Íslands á sæluhús við Hagavatn og Hvítárnes. Biskupstungnamenn eiga þrjá gangnamanna- og gistiskála á afréttinum. Þeir eru í Fremstaveri, í Árbúðum og í Svartárbotnum. Við leitarmannaskálana eru hesthús og hólf fyrir hesta. Gistinætur hafa verið 800–1000 og 2000–2600 hross, að undanskildum gangnamönnum og hrossum þeirra. Um hásumarið er gæslumaður sem sér um húsin, tekur niður pantanir og selur hestamönnum hey á áningastöðum. Þetta stýrir hestaumferðinni um afréttin og minnkar líkur á að níðst sé á viðkvæmum stöðum.

Markvist hefur verið unnið að því að bæta meðferðina á afréttinum, með því að:

- hætta að beita hrossum á afréttin,
- stytta beitartíma sauðfjár, bæði vor og haust,
- þjónusta og stýra hestaumferð um afréttinn,
- græða upp örfoka land til beitar,
- loka rofabörðum,
- girða af og friða viðkvæmstu svæðin.

## NIÐURLAG

Afréttur Biskupstungna hefur verið mikilvægur fyrir byggðina, einkum á seinustu öld þegar sauðfé var flest. Mannlífið í sveitinni tengist mjög afréttarmálum og fjallferð. Fjallferðir og réttir eru jafngildi sólarlandaferðar fyrir margan sveitamanninn og hafa menn bundist tilfinningaböndum við afréttinn og náttúru hans.

Nú seinni árin koma ferðamálin meira við sögu, bæði sumar og vetur. Lagður hefur verið vegur að Langjökli um Skálpanes, en þar er farið með ferðamenn upp á jökulinn. Hópferðir á hestum eru vaxandi þáttur og nú seinustu árin gönguferðir, bæði Íslendinga og útlendinga.

Það er óljóst mörgum hvaða hagsmunir eru í húfi í sambandi við Þjóðlendumálið. Eflaust munu margir kunna illa við að þurfa að fá leyfi hjá forsætisráðherra til framkvæmda í afréttarlöndum sínum. Hefðbundinn beitarréttur helst áfram í Þjóðlendum, samanber 5. gr. Þjóðlendulaga. Ef eignarhald er annað er það væntanlega landeigandi sem getur ráðið nýtingunni. Það eru önnur óljós réttindi í framtíðinni sem verið er að verja. Síðan er sú réttlætiskennnd sterk að það sem maður á geti ekki aðrir eignað sér.